



Samningur milli A-landsliðsknapa og landsliðsþjálfara vegna vals í A-landsliðshóp Íslands í hestaíþróttum

Landsliðsnefnd og landsliðsþjálfari fyrir hönd Landssambands hestamannafélaga (hér eftir nefnt LH) og

_____ kt. _____

sem hefur verið valinn í A-landsliðshóp Íslands í hestaíþróttum (hér eftir nefndur landsliðsknapi), gera með sér eftirfarandi samning:

Markmið og gildissvið

Með samningi þessum er kveðið á um réttindi og skyldur landsliðsknapa gagnvart landsliði Íslands í hestaíþróttum og öfugt. Markmiðið er að undirbúa knapa A-landsliðshóps eins og kostur er til þátttöku á stórmótum hérlendis og erlendis. Stefnt er að hámarksárangri fyrir Íslands hönd, með hliðsjón af afreksstefnu LH, aga- og siðareglum sem og öðrum lögum og reglum LH, ÍSÍ, FEIF og reglum landsréttar.

1. gr.

Landsliðsþjálfari fylgist með knöpum í landsliðinu eftir ákveðnu skipulagi og byggir upp markmiðalýsingar í samráði við knapa og þjálfara og gætir að þjálfunarferli þeirra.

Landsliðsþjálfara er skylt að veita hverjum landsliðsknapa þjálfun og endurgjöf þrisvar yfir árið og koma aðilar sér saman um útfærslu á því. Miðað við þá hesta sem eru falir í úrtöku fyrir HM og NM.

2. gr.

Landsliðsknapi skal samvisskusamlega framfylgja fyrirmælum landsliðsþjálfara, eins og kostur er og eftir bestu getu, og leggja sig fram við að ná framförum á þeim sviðum sem landsliðsþjálfari leggur áherslu á.

3. gr.

LH gengst fyrir ýmiskonar uppákomum til styrktar og framþróunar á keppnisíþróttinni s.s. mótum, móttökum, sérstökum sýningum og viðburðum sem eru til þess fallnar að efla hestaíþróttina og styrkja landsliðið til árangurs.

Landsliðsknapa er skylt að mæta og vera til taks á viðburði landsliðsnefndar LH, svo sem „Allra sterkustu“, dag íslenska landsliðsins, fræðsluhelgi í samstarfi við Háskólann á Hólum og líkamlegar mælingar.

Sjái knapi sér ekki fært að mæta ber honum að tilkynna landsliðsþjálfara ástæðu þess tímanlega og með skýrum hætti. Sinni knapi ekki mætingaskyldu ítrekað, kann slíkt að leiða til þess að knapa sé vísað úr landsliðshópnum. Sé knapa vísað úr hópnum, skal það gert skriflega, sbr. 9. gr.

4. gr.

Landsliðsknapi staðfestir með undirritun sinni að hafa kynnt sér reglur LH og ÍSÍ svo sem siðareglur, auk laga ÍSÍ um lyfjamál. Landsliðsknapa er ljóst að reglurnar gilda á meðan hann er hluti af landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum hvort sem hann kemur fram á sýningum eða keppni á vegum landsliðsins eða öðrum vettvangi.

5. gr.

Landsliðsknapi heitir því að leitast við að sýna ávallt íþróttamannslega hegðun og framkomu í hvívetna og sýna landsliðinu, liðsfélögum sínum, landsliðsþjálfara, þjálfurum og öllum þeim sem koma að landsliðinu virðingu, í samskiptum á vettvangi landsliðsins.

Landsliðsknapi er fyrirmynd hestaíþróttarinnar, innan greinarinnar og út á við. Sú krafa er gerð til landsliðsknapa að þeir séu ávallt til fyrirmyndar í framkomu við starfsfólk móta, dómara, keppendur og aðra þá sem tengjast íþróttinni.



Landsliðsknapi skal ávallt gæta þess að vera með hjálm og annan tilskilinn öryggisbúnað við keppni og þjálfun á opinberum vettvangi svo sem á samfélagsmiðlum og í fjömiðlum. Landsliðsknapi skal stuðla að velferð hesta og vera fyrirmynd í allri umhirðu, tamningu, reiðmennsku og öðru er varðar velferð hestsins, sbr. lög um velferð dýra.

Landsliðsknapi er ekki heimilt að nota landsliðsbúning Íslands nema með leyfi landsliðsnefndar eða landsliðsþjálfara.

Landsliðsknapi skuldbindur sig til að hlíta framangreindum reglum í einu og öllu ásamt öðrum þeim fyrimælum sem landsliðsþjálfari og landsliðsnefnd kunna að gefa og tengjast þátttöku í landsliðinu. Landsliðsknapi skal leitast við að vera öðrum knöpum fyrirmynd, innan sem utan vallar og getur landsliðsþjálfari áminnt landsliðsmenn og/eða vikið þeim úr landsliðshópi séu þessar skyldur ekki uppfylltar. Sé knapi vísað úr hópnum, skal það gert skriflega, sbr. 9. gr.

6. gr.

Landsliðsknapi lýsir sig reiðubúinn til að koma fram fyrir hönd landsliðsins í auglýsingum, á viðburðum landsliðsnefndar og samkvæmt nánara samkomulagi m.a. til kynningar á landsliðinu og til að stuðla að jákvæðri ímynd og framgangi íþróttarinnar fyrir LH.

Landsliðsknapi undirgengst þá auglýsingasamninga sem LH og landsliðsnefnd gera hverju sinni til styrktar landsliðinu. Í samningum þessum er m.a. ætlast til að auglýsingar frá fyrirtækjum sem styrkja landsliðið séu á fatnaði landsliðsknapa þegar hann kemur fram fyrir hönd landsliðsins og að keppendur noti fatnaðinn frá styrktaraðilum í landsliðsverkefnum. Landsliðsknapi er ekki heimilt að ganga um í fatnaði merktum öðrum en þeim sem samningar LH kveða á um þegar hann kemur fram sem landsliðsknapi. Þá skal landsliðsknapi leitast við að nota fatnað frá styrktaraðilum landsliðsins við eins mörg tækifæri og það á við. Fatnað eða auðkenni landsliðsins er ekki heimilt að nota í auglýsingaskyni fyrir aðra en styrktaraðila landsliðsins eða aðila sem landsliðnefnd samþykkir.

7. gr.

Landsliðsknapi samþykkir að allar myndir og upptökur af viðburðum sem tengjast landsliðshóp og landsliði Íslands í hestaíþróttum og upplýsingar um knapa og hesta í keppni er LH heimilt að nota á opinberum vettvangi og sem kynningarefni.

8. gr.

Öll notkun vímuefna eru bönnuð á viðburðum LH, landsliðsnefndar og í keppni.

9. gr.

Landsliðsknapi staðfestir með undirritun sinni að hann sé með hreint sakavottorð. Landsliðsnefnd gæti þurft að óska eftir að landsliðsknapi afhendi nefndinni sakavottorð

Landsliðsknapi ber að upplýsa ef lögð hefur verið fram kæra gegn honum, landsliðsknapi telur sig hafa sýnt af sér siðferðislega ámælisverða háttsemi eða að öðru leyti farið gegn samningi þessum, þ.m.t. siðareglum og öðrum reglum LH.

Landsliðsknapi ber ábyrgð á því að upplýsa ef hann/hún telur einhverja hagsmunaárekstra vera til staðar vegna stöðu sinnar í landsliðshópnum, verkefna tengd samningi þessum, auglýsingum, mótum eða annað.

10. gr.

Verði landsliðsknapi uppvis af ósæmilegri hegðun gagnvart hestum, landsliðsþjálfara, landsliðinu sjálfu, dómurum eða aðstandendum móta og viðburða sem landsliðið tekur þátt í, hefur landsliðsþjálfari heimild til að vísa knapa úr landsliðshópnum. Eins ef landsliðsmaður sýnir af sér siðferðislega ámælisverða háttsemi, sem kann að skaða ímynd eða orðspor LH. Sama á við um brot á siðareglum LH eins og þær eru hverju sinni og um brot á þessum samningi.

Vísi landsliðsþjálfari knapa úr landsliðinu skal slíkt vera gert skriflega. Allar tilkynningar sem hafa áhrif á gildi þessa samnings skulu gerðar skriflega.



Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir meðan landsliðsknapi er hluti af A-landsliðshópi LH. Landsliðsknapi telst hluti af hópnum þar til landsliðsþjálfari tilkynnir um að viðkomandi sé ekki lengur hluti af hópnum. Öllu ofangreindu til staðfestu undirrita aðilar samning þennan í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 22. janúar 2022

Landsliðsknapi

Landsliðsþjálfari

Formaður landsliðsnefndar

Meðfylgjandi skjöl teljast hluti af samningi þessum:

- 1) *Hegðunarviðmið ÍSÍ fyrir iðkendur*
- 2) *Siðareglur landsliðsnefndar*